

# Lögreglustjórafélag Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Vestmannaeyjum 23. janúar 2018

**Efni: Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot. 10. mál, lagafrumvarp, 148. löggjafarþing 2017-2018. Umsagnarbeiðni nr. 9977.**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Lögreglustjórafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga verði breytt á þann veg að samþykki verði í forgrunni skilgreiningar á nauðgun. Þannig verði horfið frá megináherslu á verknaðaraðferð við nauðgun en þess í stað verði aukin áhersla lögð á kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklings með því að skilgreina nauðgun út frá því hvort samþykki hafi verið fyrir hendi eða ekki. Flutningsmenn leggja einnig áherslu á almenn varnaðaráhrif með breyttu ákvæði sem myndi að þeirra mati leiða til þess að einstaklingar yrðu líklegri til að vera meðvitaðri um mikilvægi samþykkis fyrir þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá telja flutningsmenn að slík nálgun sé eðlileg refsiréttarleg þróun á útfærslu nauðgunarákvæðisins þar sem í auknum mæli hefur verið horfið frá áherslu á ofbeldi og hótanir geranda og sjónum beint að vernd kynfrelsis, þ.e. hvort viðkomandi hafi samþykkt að taka þátt í kynferðislegri athöfn eða ekki.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að verði nauðgun skilgreind út frá skorti á samþykki eins og lagt er til mun áhersla á samþykki aukast við rannsókn og saksókn nauðgunarbrot. Þá feli slík skilgreining jafnframt í sér aukna viðurkenningu á mikilvægi kynfrelsis og jafnvel geta orðið til þess, samhliða aukinni fræðslu, að ungt fólk verði meðvitað um mikilvægi þess að samþykki liggja fyrir.

Lögreglustjórafélag Íslands tekur undir það sjónarmið að mikilvægt sé að samþykki verði í forgrunni við skilgreiningu á nauðgun og að sú breyting á ákvæðinu kunní að verða til að auka varnaðaráhrif þess og auka almenna réttarvitund.

Vegna þessarar áherslubreytingar bendir Lögreglustjórafélagið þó á eins og kemur fram í greinargerðinni að með breytingunni verður óhjákvæmilega aukin áhersla á samþykki við rannsókn og saksókn nauðgunarbrot sem beinist jafnt að háttsemi brotaþola og geranda.

Félagið telur einnig að það þurfi að taka til sérstakrar skoðunar hvort þörf sé á því að skilgreina hugtakið samþykki eins og gert er í ákvæðinu, skoða þurfi hvort það geti til að mynda valdið sönnunarvandkvæðum. Félagið telur því nauðsynlegt að aflað verði umsagnar refsiréttarnefndar vegna nánari útfærslu á ákvæðinu.

F.h. Lögreglustjórafélags Íslands

  
Páley Borgþórsdóttir,  
lögreglustjóri í Vestmannaeyjum.